

Menntaskólinn í Reykjavík

02 301

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Menntaskólinn í Reykjavík
kt. 460269-2109
Lækjargötu 7, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn í Reykjavík er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Skólinn hefur ávallt kappkostað að gera nemendur sína sem hæfasta til að stunda háskólanám og veitt þeim haldgóða menntun sem nýtist þeim hvert sem leið þeirra liggur að loknu stúdentsprófi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.055,4 milljónir og afkoma kr. 20,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 47,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 208,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans í Reykjavík í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans í Reykjavík fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Elísabet Siemsen,
Rektor

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.001.069.462	1.006.213.796
Aðrar tekjur	3	8.520.000	8.108.000
Seld þjónusta	4	3.533.700	2.411.000
Vörusala		19.426.106	20.612.124
Framlög og ýmsar tekjur	5	14.075.628	9.930.674
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	8.790.062	5.924.737
Tekjur samtals		1.055.414.958	1.053.200.331
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	807.127.776	828.127.791
Annar rekstrarkostnaður	7	219.373.178	222.356.527
Afskriftir	8	8.790.062	5.924.737
Gjöld samtals		1.035.291.016	1.056.409.055
Afkoma fyrir fjármagnsliði		20.123.942	(3.208.724)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		316.045	128.435
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(26.250)	(19.736)
		289.795	108.699
Afkoma ársins		20.413.737	(3.100.025)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		41.986.727	33.710.080
Fastafjármunir samtals		<u>41.986.727</u>	<u>33.710.080</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	10	57.603.920	24.907.357
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		741.100	2.236.400
Handbært fé	11	108.597.209	87.758.119
Veltufjármunir samtals		<u>166.942.229</u>	<u>114.901.876</u>
Eignir samtals		<u>208.928.956</u>	<u>148.611.956</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		47.027.156	26.613.419
Eigið fé samtals		<u>47.027.156</u>	<u>26.613.419</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	344.903	700.177
Viðskiptaskuldir		33.730.676	18.371.139
Ýmsar skammtímaskuldir	13	60.933.760	47.844.698
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	66.892.461	55.082.523
Skuldir samtals		<u>161.901.800</u>	<u>121.998.537</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>208.928.956</u>	<u>148.611.956</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		20.413.737	(3.100.025)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	8.790.062	5.924.737
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(8.790.062)</u>	<u>(5.924.737)</u>
		20.413.737	(3.100.025)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		1.495.300	(2.003.600)
Tengdir aðilar		(29.518.546)	(6.317.095)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>28.448.599</u>	<u>17.289.505</u>
		425.353	8.968.810
		<u>20.839.090</u>	<u>5.868.785</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	<u>(17.066.709)</u>	<u>(16.119.118)</u>
		(17.066.709)	(16.119.118)
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		<u>17.066.709</u>	<u>16.119.118</u>
		17.066.709	16.119.118
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		20.839.090	5.868.785
		<u>87.758.119</u>	<u>81.889.334</u>
		<u>108.597.209</u>	<u>87.758.119</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Tekjufærsla fjárveitinga	1.001.069.462	1.006.213.796
Tekjufærsla frestaðra tekna	8.790.062	5.924.737
	<u>1.009.859.524</u>	<u>1.012.138.533</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	990.000.000	0	0	990.000.000
Fjáraukalög	(4.700.000)	0	0	(4.700.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	15.769.462	0	0	15.769.462
Fjárveiting til tekna	1.001.069.462	0	0	1.001.069.462
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(980.655.725)	0	0	(980.655.725)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	20.413.737	0	0	20.413.737

	2020	2019
3 Aðrar tekjur		
Sala á vöru og þjónustu	8.520.000	8.108.000
	<u>8.520.000</u>	<u>8.108.000</u>

4 Seld þjónusta		
Veitinga- og gistipjónusta	1.787.700	869.000
Fræðslustarfsemi og fundir	1.746.000	1.542.000
	<u>3.533.700</u>	<u>2.411.000</u>

5 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	10.620.000	7.601.030
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	3.353.028	2.245.044
Ýmsar tekjur	102.600	84.600
	<u>14.075.628</u>	<u>9.930.674</u>

6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	642.496.791	673.058.584
Orlof, breyting	9.185.610	(3.007.764)
Launatengd gjöld	145.961.174	153.220.723
Starfsmannakostnaður	9.484.201	4.856.248
	<u>807.127.776</u>	<u>828.127.791</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	68,9	74,9
------------------------------	------	------

7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.633.824	1.936.631
Byggingarvörur, almennar	139.120	51.281
Byggingarvörur, aðrar	59.494	55.319
Tæki og búnaður til innréttinga	134.066	0
Ýmis tæki og áhöld	1.289.213	1.344.953
Orkugjafir	7.165.007	7.157.119
Matvæli	3.336.146	2.761.545
Almennar rekstrarvörur	5.116.805	1.918.267
Vörukaup, almenn	<u>18.873.675</u>	<u>15.225.115</u>

Skýringar

	2020	2019	
7 Annar rekstrarkostnaður (frh)			
Kennslu- og föndurvörur	1.262.020	1.063.006	
Ýmsar sérgreindar vörur	200.368	120.032	
Vörukaup, sérgreind	1.462.388	1.183.038	
Fundir, námskeið, risna	779.644	1.515.396	
Ferðir, uppihald	(2.708.608)	9.787.148	
Akstur	0	472.293	
Sérfræðiþjónusta	21.456.370	20.377.727	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	425.392	436.868	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.495.452	1.570.588	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.304.956	854.217	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	24.753.206	35.014.237	
Afnotagjöld	10.895.341	7.147.847	
Leigugjöld	136.942.296	132.713.661	
Notkun véla og flutningatækja	330.837	56.502	
Verkkaup	25.137.890	26.467.392	
Áhættutap og bætur	0	74.595	
Tryggingar, lögboðnar	58.444	55.838	
Opinber gjöld	123.790	133.500	
Tilfærslur	10.000	375.000	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	173.498.598	167.024.335	
Vörukaup I	785.311	3.909.802	
Vörur til endursölu og birgðabreyting	785.311	3.909.802	
Annar rekstrarkostnaður samtals	219.373.178	222.356.527	
8 Afskriftir			
Áhöld, tæki og búnaður	7.545.670	5.924.737	
Sölutap og úreltar eignir	1.244.392	0	
	8.790.062	5.924.737	
	31.12.2020	31.12.2019	
9 Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	41.986.727	33.710.080	
	41.986.727	33.710.080	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2020	82.161.007	203.018	82.364.025
Viðbætur á árinu	17.066.709	0	17.066.709
Selt/niðurfært á árinu	(15.238.504)	(203.018)	(15.441.522)
	83.989.212	0	83.989.212
Afskriftir 1.1.2020	48.450.927	203.018	48.653.945
Selt/niðurfært á árinu	(13.994.112)	(203.018)	(14.197.130)
Afskrift ársins	7.545.670	0	7.545.670
	42.002.485	0	42.002.485
Staða 31.12.2020	41.986.727	0	41.986.727

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
--	-------------------	-------------------

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	57.603.920	24.907.357
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	0
	<u>57.603.920</u>	<u>24.907.357</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	344.903	700.177
	<u>344.903</u>	<u>700.177</u>

11 Handbært fé

Tékkareikningar	95.480.375	60.397.097
Sparisjóðsreikningar	8.106.337	25.288.738
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	5.010.497	2.072.284
	<u>108.597.209</u>	<u>87.758.119</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 21 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	26.613.419	29.713.444
Afkoma ársins	20.413.737	(3.100.025)
Jöfnuður 31.12.	<u>47.027.156</u>	<u>26.613.419</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
--	-------------------	-------------------

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	47.983.760	38.798.150
Ógreidd laun	0	4.984.173
Önnur ógreidd gjöld	12.950.000	4.062.375
	<u>60.933.760</u>	<u>47.844.698</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	41.986.727	33.710.080
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	24.905.734	21.372.443
	<u>66.892.461</u>	<u>55.082.523</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	33.710.080	21.372.443	55.082.523
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	20.600.000	20.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	17.066.709	(17.066.709)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(8.790.062)	0	(8.790.062)
	<u>41.986.727</u>	<u>24.905.734</u>	<u>66.892.461</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 3,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa og aðra samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 132,0 milljónum, vegna þjónustusamninga kr. 24,6 milljónum og vegna annara samninga 0,5 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.